



Menntamálanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 12.01.2003

Frumvarp um styrktarsjóð námsmanna, 133. mál

Í frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót sérstökum styrktarsjóði námsmanna sem veiti efnilegum nemendum styrki til framhaldsnáms.

Í frumvarpinu og athugasemdum með því er hins vegar ekki að finna skýrar hugmyndir um markmið með stofnun sjóðsins, umfram það að „styrkja efnilega nemendur til náms í framhaldsskóla,“ né heldur um þá þörf sem vera kann til staðar fyrir slíka styrki. Hvernig á að velja þá nemendur sem styrkja ber sérstaklega og hvers vegna á að ráðstafa opinberu fé í slíkan sjóð? Hve miklu fé á að ráðstafa í sjóðinn úr ríkissjóði? Hver er þörfin fyrir slíka styrki?

Í þessu sambandi er rétt að minna á lög um námsstyrki nr. 79/2003, en í 1. gr. þeirra segir:

Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám.

Jafnframt þarf að huga að samræmi við úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna, en í þeim segir m.a. í 1. kafla um lánshæft nám á Íslandi (gr. 1.2.2.):

Lánshæft sérnám á Íslandi er löggilt iðnnám og annað samþykkt starfsnám á framhaldsskólastigi, skipulagt af viðkomandi starfsgreinaráði, sem ekki er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu á Íslandi...

Samtök atvinnulífsins telja þörf frekari skýringa á markmiðum frumvarpsins, og frekari upplýsinga um þá þörf sem fyrir sjóðinn kunnir að vera og um hversu miklum fjármunum sé ætlað að ráðstafa til sjóðsins úr ríkissjóði. Samtökin styðja því ekki samþykkt frumvarpsins við svo búið.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason,
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs.